

2022



Ársskýrsla 2022

Öll vötn til Dýrafjarðar

Verkefnisstjóri
Agnes Arnardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Meginniðurstöður	2
Markmið og tilgangur verkefnis í Brotthættum byggðum	3
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn	3
Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat	4
Yfirlit yfir styrkt verkefni	7
Fundir	9
Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok verkefnis.....	9

Inngangur

Öll vötn til Dýrafjarðar á Þingeyri er verkefni í samvinnu við Byggðastofnun undir verkefnaheitinu Brothættar byggðir. Verkefnið hófst árið 2018 með íbúáþingi 10.-11. mars þar sem farið var yfir áherslur og óskir íbúanna. Verkefnisstjórn var skipuð á þessu fyrsta íbúáþingi, en í henni sitja fulltrúar frá Byggðastofnun, Ísafjarðarbæ, Vestfjarðastofu og íbúum Þingeyrar alls 9 manns. Verkefnisstjóri verkefnisins var ráðinn frá 1. september sama ár. Verkefninu átti að ljúka í lok árs 2021 en Ísafjarðarbær sótti um framlengingu verkefnisins til Byggðastofnunar í ágúst 2021, í lok október samþykkti Byggðastofnun að framlengja verkefnið út árið 2022.

Verkefninu fylgir fjármagn sem m.a. er ætlað sem hvatning til athafna og ýmissa verkefna, hvort heldur sem þau tengjast atvinnuuppbyggingu eða annarskonar samfélagsverkefnum. Þessi hvatning er í formi styrkja og auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn á hverju ári. Árið 2022 var ein úthlutun sem skiptist niður á 20 verkefni. Heimsfaraldurinn hafði áfram nokkur áhrif á árið 2022, einhverjar tafir urðu á framvindu verkefna þar sem í mörgum tilfellum þurfti að fresta verkefnum vegna allskonar hafta í þjóðfélaginu tengt faraldrinum. Erfiðlega gekk að halda íbúafund vegna samkomutakmarkana og tókst það ekki fyrir en 15. júní. Var það miður þar sem meiningin var að halda íbúafund í upphafi árs til að fá álit og sýn íbúanna hvernig best væri að nýta framlengingu verkefnisins síðasta árið.

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn héldu áfram að halda fundina rafrænt en náðu samt að koma saman fyrir íbúafundinn og halda vinnufund þar sem farið var yfir stöðuna og hvernig nýta mætti framlenginguna sem best.

Meginniðurstöður

Framvinda verkefnisins helst í hendur við áhuga íbúanna til að framfylgja þeim markmiðum og verkefnaáætlun sem þeir settu sér á fjölmönnum íbúafundum bæði 2018 og 2019. Einu sinni á ári í það minnsta eru haldnir íbúafundir. Á þessum íbúafundum er farið er yfir markmiðin, þar sem þau eru endurskoðuð, bætt við ef þurfa þykir og skoðað hvernig tekist hefur til.

Árið 2022 einkenndist að sumu leiti af heimsfaraldrinum sem lýsti sér helst í því að ekki tókst að halda íbúafund fyrir en um mitt árið og mörg verkefni drógust á langinn, miðað við það sem lagt var upp með í upphafi. En þrátt fyrir það hefur verkefnið haldið áfram með aðeins breyttum aðferðum. Samskipti hafa að mestu farið fram rafrænt, sem hefur gengið vel, en slík samskipti hafa ekki hentað fyrir fjölmenna íbúafundi. Þrátt fyrir allt hefur verkefnið gengið vel og ýmislegt áunnist. Enn eru þó nokkur verkefni í gangi mislangt á veg komin. Allt eru þetta verkefni sem hafa þýðingu fyrir samfélagið á Þingeyri og í Dýrafirði.

Frá upphafi verkefnisins 2018 hafa 88 verkefni verið styrkt að upphæð rúmlega 44 milljónir. Í upphafi ársins var auglýst eftir styrkumsóknum í verkefninu og bárust 21 umsókn og hlutu 20



Mynd KPH

þeirra styrk. Allt voru þetta umsóknir sem vísuðu til markmiða í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar og eru þessi verkefni til þess fallin að styðja við atvinnuuppbyggingu, menningu og almennt eflingu samfélagsins. Yfirlit yfir styrkt verkefni má sjá í kaflanum „Yfirlit yfir styrkt verkefni“ hér að neðan.

Verkefnisstjóri hefur einnig aðstoðað íbúa svæðisins við að sækja um styrki í aðra samkeppnissjóði og hefur umsóknum frá svæðinu í slíka sjóði fjölgað mikið. Þó nokkur verkefni hafa fengið styrk úr þessum samkeppnissjóðum.

Með því hefur nýtt fjármagn komið inn á svæðið til atvinnuuppbyggjandi verkefna, sem sennilega hefðu ekki komið að öðrum kosti. Nokkur þessara verkefna gætu skilað auknum störfum inn á svæðið þegar fram líða stundir. Má segja að það sé ein birtingarmynd þess hvernig verkefnið hefur gengið fram til þessa, þrátt fyrir heimsfaraldur og frestun einstakra verkefna.

Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.



Mynd KPH

Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Á meðfylgjandi slóð má finna nánari upplýsingar um markmið og tilgang verkefnis í Brothættum byggðum. <https://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/brothaettar-byggdir/verkefnalyting>

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.“

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar er staðan vistuð hjá Vestfjarðastofu. Verkefnisstjóri frá upphafi er Agnes Arnardóttir.

Í verkefnisstjórn verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar sitja eftirfarandi aðilar:

- Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.

- Birta Bjargardóttir, Blábankinn.
- Erna Höskuldsdóttir, fulltrúi íbúa.
- Guðmundur Ólafsson, fulltrúi íbúa.
- Guðrún Dögg Gunnarsdóttir, fulltrúi íbúa.
- Helga Harðardóttir, Byggðastofnun.
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
- Sigurður Líndal Þórisson, Vestfjarðastofu.

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri hafa átt gott samstarf og hefur verkefnisstjórn verið góður stuðningur fyrir verkefnisstjóra.

Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat

Meginmarkmið 1 – Fjölskylduvænt samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Kynningarherferð og beinar aðgerðir til að laða fólk til Þingeyrar				X		Í vinnslu
Koma á móttökukerfi fyrir fólk sem flytur til Þingeyrar		X				Á forræði Ísafjarðarbæjar
Sníða þjónustu almenningsgangna betur að þörfum íbúa Þingeyrar og nærsveita			X			Í vinnslu - á forræði Ísafjarðarbæjar
Efla og tengja saman félagslíf mismunandi aldurshópa		X				Í vinnslu
Forgangsraða verkefnum sveitarfélagsins		X				Á forræði Ísafjarðarbæjar
Búa til app fyrir Þingeyringa til að hafa samráð um að sækja og dreifa vöru og þjónustu	X					Lítill vilji - Engin tekið að sér þetta verkefni
Huga að framtíð flugvallarins á Þingeyri			X			Mikil umræða – á forræði ríkisins
Úttekt á fjarskipa- og vegamálum				X		Í vinnslu – á forræði ríkisins
Koma upp betri upplýsingaskiltum fyrir lokanir á heiðum			X			Í vinnslu - Umræða við Vegagerðina
Vinna með Ísafjarðarbæ til að finna nýjar leiðir til að efla samgöngur á milli kjarnana				X		Mikil umræða – á forræði Ísafjarðarbæjar
Kanna hvernig best er að nýta möguleika Þingeyringa við opnun Dýrafjarðargangna				X		Í vinnslu – verkefni í gangi sem hefur fengið ÖVD styrk
Meginmarkmið 2 – Skapandi samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Meta, kortleggja og skipuleggja stöðu og framlag listarinnar til samfélagsins		X				Lítið gerst – umræða átt sér stað
Skattaívilnanir fyrir ný fyrirtæki	X					Á forræði ríkisins – ekkert gerst
Minni kostnaður við lítil fyrirtæki s.s. bókhaldskostnaður	X					Umræða en ekkert gerst
Greina núverandi stöðu matvælaframleiðslu á svæðinu			X			Í vinnslu – verkefnisstjóri og Vestfjarðastofa
Skoða leyfismál varðandi sláturvinnslu - viðskiptaáætlun fyrir sláturhús og fjármögnun		X				Umræða – í vinnslu
Kortleggja möguleika til uppbyggingar ferðaþjónustu og/eða útivistarsvæðisins fyrir Svalvogaveg	X					Engin tekið þetta að sér
Kanna vilja stjórnvalda til að koma til móts við sveitarfélög með sveigjanlegri og léttari reglum varðandi skammtíma búsetu		X				Umræða – í vinnslu – á forræði m.a. Ísafjarðarbæjar
Efla nýsköpun með góðu aðgengi að vinnuaðstöðu					X	Blábankinn
Stofna og virkja fjarbúafélag			X			Einn fundur haldinn – í vinnslu
Setja upp leigumiðlun fyrir íbúðarhúsnæði sem ekki er í heilsársnotkun			X			Einn fundur haldinn – í vinnslu – frekar lítill áhugi

Hvetja íbúana og fyrirtækin á svæðinu til að auka þátttöku sína í uppbyggingu samfélagsins					X	Athafnaklúbbur stofnaður – fundir haldnir
Vinna að því að byggðakvóti og sértækur byggðakvóti nýtist sem best á Þingeyri			X			Verðið að vinna í þessu en lítil framgangur
Meginmarkmið 3 – Umhverfsvæn útivistarparadís						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Greina möguleika fyrir vikingaferðabjónustu	X					Ekki hafið
Styrkja golffélagið					X	Verkefnið fékk góða styrki
Finna leiðir til öflunar fjármagns, gagngert til að merkja betur göngu- og hjólaleiðir				X		Í vinnslu í samráði við Ísafjarðarbæ – styrkt verkefni
Kanna vilja ferðabjónustuaðila og heimafólks um aðgangsstýringu að náttúruperlum		X				Þjóðgarðshugmyndir ræddar – í vinnslu – á forræði ríkisins
Halda ágengum plöntum í skefjum og gæta að heilbrigði strandsjávar			X			Í vinnslu – á forræði Ísafjarðarbæjar
Móta skýra langtímastefnu í umhverfismálum með sjálfbærni að leiðarljósi		X				Umræða átt sér stað – á forræði Ísafjarðarbæjar
Setja af stað átaksverkefni sem miðar að því að hafa bæinn snyrtilegan				X		Í vinnslu í samvinnu við sveitarfélagið
Hvetja Ísafjarðarbæ til að hafa fráveitumál í lagi					X	Í vinnslu í samvinnu við sveitarfélagið
Koma upp afmörkuðu gáma- og geymslusvæði			X			Verður ekki – ekki vilji hjá sveitarfélaginu
Ganga frá Námunni í Sneiðingnum	X					Á forræði Ísafjarðarbæjar
Koma á fót kynningu og fræðslu um flokkun sorps fyrir íbúa og ferðamenn					X	Búið að halda kynningarfund og gefa út bækling
Stuðla að frekara viðhaldi gangstétta og gatna				X		Í vinnslu – Ísafjarðarbær
Stuðla að viðhaldi fasteigna bæjarins			X			Lítið þokast – ekki á fjárlögum sveitarfélagsins núna
Hvetja fyrirtækin til að vera með virka umhverfisstefnu og ganga vel um sín svæði				X		Umræða átt sér stað – í vinnslu
Upplýsa íbúa um fyrirætlanir og daglegan rekstur fiskeldis og aðra nýtingu sjávar					X	Arctic Fish hefur haldið einn íbúafund og kynnt sínar áætlanir
Meginmarkmið 4 – Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Ísafjarðarbær veiti gott rafrænt aðgengi að málum og erindum bæjarins					X	Er vel aðgengilegt á heimasíðu bæjarins
Meta framboð og eftirspurn lóða og atvinnuhúsnæðis á Þingeyri					X	Gerð var einföld íbúakönnun – niðurstaða – mikill þörf – lítið framboð
Gera mat á möguleikum Þingeyrar til að vera "Þingstaður"	X					Verður ekki framkvæmt
Kanna vilja og möguleika tæknifyrirtækis eins og t.d. Snerpu til að koma upp gagnahýsingu á Þingeyri	X					Ekki forgangur
Stuðla að stuðningi við staðbundinn fyrirtækjarekstur					X	Verkefnisstjóri hefur veitt ýmsan stuðning m.a. styrkumsóknagerð
Hvetja Ísafjarðarbæ til að skoða það sem alvöru valkost að flugvöllurinn á Þingeyri verði opnaður aftur					X	Umræða átt sér stað – ekki vilji fyrir hendi

Hér fyrir ofan má sjá þær áherslur og þau verkefni sem skilgreind voru í verkefnisáætlun með tilliti til áherslumála íbúa á íbúabíngi. Vel hefur gengið að ná sumum markmiðum en hægar í öðrum. Á íbúafundinum 15. júní var ákveðið að vinna áfram eins og kostur er að þessum markmiðum en leggja mesta áherslu á þau atriði sem raunhæft þykir að halda áfram með.

Hér að neðan er stutt samantekt frá íbúafundinum og dregin saman þau atriði sem þátttakendur fundarins lögðu til að yrðu áhersluatriði á lokaári verkefnisins. Umræður fóru fram í tveimur hópum.

Meðal umræðupunkta innan hópana:

- Efla samstarf meðal íbúa.
- Nýta starfskrafta verkefnisstjóra og starfsfólks Vestfjarðastofu til að sækja um í stóru sjóðina, s.s. Uppbyggingarsjóð.
- Stuðla að þéttingu byggða. Möguleikar eru í byggðarlaginu á að þétta byggð.
- Umhverfissvæn útivistarparadís, ljúka við göngustíg fyrir ofan byggðina.
- Upplýsingaskilti hjá Sandafelli, færa það skilti nær göngunum.
- Rætt um óstaðbundin störf, húsnæði og öfluga nettengingu, slíkir þættir styðja við fjölskylduvænt samfélag.
- Lágmarkstími þrjú mánuðir þegar veita á leyfi fyrir vistun leikskólabarna tímabundið í leikskólanum.
- Gera ásýnd þorpsins betri, t.d. gáma- og geymslusvæðið. Þrýsta á um viðgerðir á götum, t.d. við sjoppuna, rætt um þungaflutninga. Vatnslagnir og klóak.
- Halda á lofti hugmyndum um heimastjórnir.
- Áhersla á að verkefnisstjóri verði áfram staðsettur á Þingeyri.
- Vera með vinnustundir á lokamánuðum ÖVD, samvinnuverkefni íbúa. t.d. að taka ákveðin svæði í byggðarlaginu í fóstur.
- Svör berist með skilvirkum hætti við erindum frá íbúum byggðarlagsins til Ísafjarðarbæjar.

Einnig var lögð fyrir spurning, sem var í raun var sú sama og var lögð fyrir íbúafundinn 2021. Á þeim fundi var ekki orðið ljóst hvort verkefnið yrði framlengt, því var ákveðið að vinna út frá samskonar spurningu og sjá hvort einhverjar nýjar hugmyndir hefðu komið fram. Niðurstaðan var sú sama og áður þ.e. áherslurnar ættu að vera í samræmi við það sem lagt var upp með frá fundinum 2021 þar sem ekki hafði tekist að vinna að þeim öllum fyrir lok ársins 2021. Þátttakendum var skipt í tvo hópa.



Spurningin sem lögð var fyrir hópana:

1. Hvernig er best að nýta síðasta ár verkefnistímans?

Áherslur - hópur 1
➤ Gámasvæði – geymslusvæði (1,2,3) Gera ásýnd þorpsins betri.
➤ Þrýsta á viðgerðir á götum – mjög mikilvægt
➤ Halda áfram hugmyndum um heimastjórn
➤ Mjög mikilvægt að verkefnisstjóri/tengiliður haldi áfram eftir að verkefninu líkur
➤ Virkja íbúa meira – hreinsunar átök – búa til svæði sem fólk vill taka í fóstur – samvinna
➤ Samskipti við „kerfi“ Ísafjarðarbæjar, lágmark að fólk með kjark og þor fái svar við t.d. tölvupóstum

Áherslur - hópur 2
➤ Nýta tíma verkefnisstjóra til að koma á tengslum milli hugmynda
➤ Nýta tíma verkefnisstjóra til að finna og sækja í sjóði sem mögulegt er að fá styrki til góðra verka
➤ Stuðla að þéttingu byggðar -> Halda vel áfram að vinna í deiliskipulagi og möguleikum á fjölgun húsnæðisframboðs/lóðaframboðs
➤ Útivistarparadís -> Klára göngustíginn fyrir ofan og utan við þorpið
➤ Útvörður -> Auglýsingaskilti (sem var við afl. Hrafseyrarheiðar) um bæinn þarf að vera inn við göng eða gatnamót fyrir fjörð til að gagnast Þingeyri
➤ Störf án staðsetningar – húsnæði og öflugar tölvutengingar – fleiri möguleikar en Blábankinn?

Yfirlit yfir styrkt verkefni

Eins og áður hefur komið fram hafa frá upphafi verkefnisins, 88 verkefni fengið styrki að upphæð samtals rúmlega 44 milljónum króna úr Frumkvæðissjóði Allra vatna til Dýrafjarðar. Mjög fjölbreytt verkefni og er flestum þeirra lokið en með einstaka undantekninum þó. Hér má sjá samantekt á stöðu þeirra verkefna sem enn er ekki lokið. Flestöll fengu þau frest þar sem að ekki var hægt að ljúka þeim vegna heimsfaraldursins.

Tímabil	Umsækjandi	Verkefni	Styrkur	staða
2018	Wouter Van Hoeymissen	Wall Paintings in Þingeyri	300.000 kr	Verkefnið verður flutt til foreldraf.leikskólans á Þingeyri og verklok í lok júní 2023
2018	Wouter Van Hoeymissen	Invite the architect of The Tank Yasuaki Tanago to Þingeyri 2019	200.000 kr	Frestur var veittur til loka sept. 2022 - frestur framl. fram á vor 2023
2019	Óttar Freyr Gíslason	Fjallaskíði í Vestfirsku ölpunum	500.000 kr	Frestur veittur út árið 2022 - í vinnslu
2020	Tankur, menningarfélag	Media for Tank	400.000 kr	Verkefni lokið en ekki búið að skila lokaskýrslu - í vinnslu
2020	Wouter Van Hoeymissen	The Dýrafjörður Tank + Tunnel opening Festival	350.000 kr	Verkefni hugsanl. flutt til Menningarf. Tankurinn og frestað fram til vors 2023
Fks- 2020	Óttar Freyr Gíslason	Fjallamennska í Vestfirsku ölpunum	500.000 kr	Frestur veittur út árið 2022 - í vinnslu
Fks- 2020	Þórir Örn Guðmundsson	Fegrun miðbæjar Þingeyrar	600.000 kr	Veittur var frestur út árið 2022 - er á lokametrunum
2020	Menningarfélagið Tankurinn	RoadSign for Tank	750.000 kr	Verkefni lokið en ekki búið að skila lokaskýrslu - í vinnslu
2021	Óttar Freyr Gíslason	Finndu mig í fjöru – Náttúrustígur	500.000 kr	Frestur veittur út árið 2022 - í vinnslu
2021	Íþróttafélagið Höfrungur	Ný vefsíða fyrir Þingeyri	400.000 kr	Frestur veittur út árið 2022 - í vinnslu
2021	Grunnskólinn á Þingeyri	Frumkvæðislaevaedi for kids	700.000 kr	Verkefni lokið en ekki búið að skila lokaskýrslu - í vinnslu

Hér fyrir neðan má svo sjá yfirlit yfir þau verkefni sem hlutu styrk við úthlutun ársins 2022. Öll eru þau farin af stað og nokkrum er þegar lokið. Samkvæmt úthlutunarreglum ber þeim öllum að vera lokið í júní 2023.

Verkefni sem hlutu styrkúthlutun 2022:

Styrkhafar	Verkefni	Úthlutað	Verk.lokið
Fasteignafélagið Þingeyri ehf.	Á jaðrinum - Aldrei fór ég suður kemur til Þingeyrar	350.000	já
Kómedíuleikhúsið	Bakkabræður brúðumyndir fyrir sjónvarp	600.000	nei
Emilie Dalum	Balinn / The Tub Art Space	200.000	já
Einar Mikael Sverrisson	Draumasmíðjan - Nýsköpunarskóli fyrir unga frumkvöðla	600.000	já
Odin Adventures	Ferðapjónusta	500.000	já
ubebu ehf.	Fjölskyldujóga á Þingeyri	250.000	nei
Tyler Wacker	Gengið í gegnum Vestfirsku Alpana	300.000	já
Golfklúbburinn Gláma	Gláma uppbygging	869.000	já
Fasteignafélagið Þingeyri ehf	Heitar og kaldar helgar á Þingeyri - Þróun á afþreyingadagskrár fyrir Þingeyri	450.000	nei
Pétur Albert Sigurðsson	Í garðinum hjá Láru	700.000	flutt
Fasteignafélagið Þingeyri ehf.	Í garðinum hjá Láru		nei
Blábankinn - Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri ses.	Komdu til Þingeyrar 2022	850.000	já
Monika Janina Kristjánsdóttir	Listakvöld	200.000	já
Biet Sébastien	Outdoor activities and discovery program in Dýrafjörður	700.000	já
Á sjó og landi ehf	Skelin - athafnahús á Þingeyri	400.000	já
Íþróttafélagið Höfrungur	Skíðasvæði á Þingeyri	400.000	nei
Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri ses.	Startup Westfjords 2022	500.000	já
Pétur Albert Sigurðsson	Tónsmíða - Í garðinum hjá Láru	400.000	flutt
Fasteignafélagið Þingeyri ehf.	Tónsmíða - Í garðinum hjá Láru		nei
Valdís Bára Kristjánsdóttir	Tækifæri	300.000	styrk skilað
Víkingar á Vestfjörðum	Víkingatjöld og súpupottur	600.000	já
Tyler Wacker	Þingeyri varanlegan reidhjóla viðgerðastand	200.000	skilað

Hætt var við tvö af þessum verkefnum og styrk skilað. Önnur verkefni eru hafin og mörgum þeirra lokið. Sótt hefur verið um frest fyrir nokkur og leyfi gefið fyrir flutningi fjögurra þeirra til annarra aðila, í ljósi þess að verkefnisstjórn taldi mikilvægt að af þeim yrði, frekar en að hætt verði við þau og styrk skilað.



Fundir

Stjórnarfundir voru ellefu árið 2022, bæði með allri stjórninni og undirbúningsnefnd stjórnar vegna styrkúthlutunar. Stjórnarfundir voru óvenju margir á árinu sem kom til m.a. vegna óska um flutning verkefna á milli aðila og beiðna um frestun á framkvæmd styrktra verkefna. Verkefnisstjórn átti ennfremur einn langan vinnufund sem haldinn var í tengslum við íbúafundinn 15. júní. Mikilvægt er að halda að minnsta kosti einn slíkan vinnufund á ári þar sem farið er yfir stöðu verkefna og eftirfylgni þeirra ásamt því að leggja línurnar fyrir sem bestum framgangi verkefnisins.

Íbúafundur var haldinn 15. júní eftir nokkrar frestanir vegna samkomutakmarkana. Verkefnisstjóri hefur setið fjöldann allan af öðrum fundum, sem tengjast styrkumsóknum og ýms konar aðstoð við fyrirtæki og íbúa. Mánaðarlega fundi með bæjarstjóra, bæjarritara Ísafjarðarbæjar, sviðsstjóra umhverfis- og eignarsviðs, formanni íbúasamtakanna og framkvæmdastjóra Blábankans ásamt mánaðarlegum fundum með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða.

Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok verkefnis



Þegar horft er til baka í lok árs og komið að verkefnislokum er margt sem kemur upp í hugann og margar spurningar vakna. Hvernig hefur verkefnið gengið? Er einhver sýnilegur árangur af verkefninu? Hverju skilar verkefnið þegar upp er staðið? Þessum spurningum er ekki auðvelt að svara og sitt sýnist hverjum eins og gengur og gerist. En þegar á heildina er litið telur verkefnisstjóri að margt hafi áunnist, margt breyst og einnig margt gerst, sem ekki hefði gerst ef ekki hefði komið til verkefnisins. En eins og verkefnisstjóri sagði í upphafi verkefnisins þá eru svona verkefni ekki spretthlaup heldur langhlaup og sýnilegur árangur, ef einhver er, kemur jafnvel ekki fram fyrr en löngu eftir að verkefninu lýkur. Svona verkefni byggir fyrst og síðast á áhuga íbúanna og þeirra framlagi til verkefnisins.

Hér er stiklað á stóru um hvað hefur áunnist og má þar m.a. nefna að kynntar hafa verið ýmsar leiðir sem miða að atvinnuuppbyggingu og eflingu samfélagsins. Stuðningur veittur til frumkvöðla til að koma hugmyndum í framkvæmd, nýtt fjármagn komið til svæðisins sem miðar að atvinnuuppbyggingu, eflingu menningar og samfélagsins í heild sinni. Aukin samvinna meðal íbúanna á ýmsum sviðum ásamt því að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur orðið betur áskynja um stöðu svæðisins.

Árið 2022 litaðist að mörgu leyti af heimsfaraldri sem hafði áhrif á framgang verkefnisins framan af árinu. Að sama skapi hafði það áhrif á framgang styrktra verkefna sem mörg hver þurftu að

óska eftir lengri fresti til að ljúka þeim, ásamt því að fresta þurfti einhverjum viðburðum, sérstaklega fyrir part ársins.

Mikilvægt var að geta haldið íbúafund þó svo að það hafi ekki getað orðið að veruleika fyrir en um mitt árið. Verkefnið byggir jú á áhuga íbúanna, þeirra sýn á framtíðina og framgang verkefnisins. Mæting var alveg þokkaleg og skiluðu fundarmenn góðri vinnu. Hugur er í fólki og mikill vilji fyrir því að efla samfélagið og vinna áfram að fjölbreyttu atvinnulífi. Ýmislegt hefur þrátt fyrir allt áunnist t.d. var lokið við að deiliskipuleggja lóðir fyrir nýbyggingar og var það sett í ferli á árinu. Er þetta stórt framfaraskref þar sem eitt af stóru málum byggðarlagsins er skortur á íbúðarhúsnæði. Einnig má nefna að á árinu var fyrsta atvinnuhúsnæðið byggt á staðnum í yfir tuttugu ár. Í þessu húsnæði er gert ráð fyrir að fimm aðilar geti haft aðstöðu fyrir hina ýmsu atvinnustarfsemi.

Verkefnisstjóri hefur eins og áður átt í miklu og góðu sambandi við íbúana, einnig má segja að áhugi íbúanna sé þó nokkur gagnvart verkefninu. Kom það rækilega fram í rýnihópaviðtölunum sem kynnt voru í upphafi ársins. Misjafnt er þó hversu mikið frumkvæði íbúarnir sýna verkefnum sem tengjast markmiðunum, sem þeir settu sér í upphafi.

Íbúasamtökin hafa haldið áfram að eflast og kom verkefnisstjóri að því verkefni, með því að sitja alla stjórnarfundir íbúasamtakanna sem áheyrnarfulltrúi og aðstoðað við að miðla síðan áfram til sveitarfélagsins þeim málefnum sem tekin eru fyrir hverju sinni.

Að lokum telur verkefnisstjóri mikilvægt að vanda vel til verka og vinna að áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins og atvinnulífsins.

Verkefnisstjóri er þokkalega sáttur með framgang verkefnisins, en hefði viljað sjá hlutina gerast hraðar. En eins og einhversstaðar var ritað „góðir hlutir gerast hægt“ mun framtíðin leiða í ljós hvernig til hefur tekist.

Nú þegar verkefninu er formlega lokið vil ég þakka fyrir gott samstarf, það traust sem mér hefur verið sýnt og hlýjar móttökur. Á Þingeyri og við Dýrafjörð er gott að búa og framtíð byggðarlagsins er björt.

Agnés Arnardóttir, verkefnisstjóri.